



Alþingi  
Erindi nr. P/27/1510  
komudagur 26. 3. 2002

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis  
b.t. Helgu E. Þórisdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. mars 2002

Sam 122/2002 PS/sp  
Tilv.: 215,0/81

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 492. mál

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 15. mars, var lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 27. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 492. mál, heildarlög.

Meðfylgjandi umsögn var samþykkt á fundinum.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda,  
492. mál



## Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 492. mál.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvarpið.

Um 11. gr.

Lagt er til að ekki verði vísað til leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar heldur verði samdar leiðbeiningar um móttöku úrgangs af íslenskum yfirvöldum.

Telja verður varhugavert að vísa án fyrirvara til leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um móttökustaði úrgangs enda er ekki sjálfgefið að þær eigi óbreyttar við íslenskar aðstæður auk þess sem íslensk yfirvöld og hagsmunaaðilar hafa lítil sem engin áhrif á efni þeirra. Ef almennar reglur eiga að gilda um hvað sé viðunandi aðstaða í höfnum fyrir móttöku úrgangs er eðlilegra að þær verði settar af hálfu íslenskra stjórnvalda með birtingu reglugerðar eða útgáfu leiðbeiningarreglna.

Um 13. gr.

Lagt er til að tekin verði afstaða til þess að ríkissjóður beri kostnað af starfsemi svæðisráða.

Í greininni er gert ráð fyrir svæðisráði sem skipað er af ráðherra. Ekki er tekið fram beinlínis hver bera eigi kostnað af störfum svæðisráðs. Með tilliti til þess að ráðið er ráðherraskipað er eðlilegt að kostnaður vegna starfa svæðisráðsins verði ekki borin af sveitarfélögum og að það komi fram í greininni.

Um 14. gr.

Lagt er til að heilbrigðisfulltrúar sinni ekki verkefnum á hafi úti nema til komi nánari skoðun á heilbrigðiseftirlitssvæðum.

Í b.-lið greinarinnar er fjallað um hlutverk heilbrigðisfulltrúa vegna mengunar utan hafnarsvæða, þ.e. mengunar stranda og hafs innan mengunarlögsögu Íslands. Við gerð frumvarpsins virðist ekki hafa verið horft til lögbundins starfssvæðis heilbrigðisnefnda. Starfssvæði heilbrigðisnefnda er innan marka ákveðinna sveitarfélaga. Stjórnsýsluleg mörk sveitarfélaga á haf út hafa verið talin takmörkuð við netlög. Framangreint fyrirkomulag hefur því í för með sér að störf heilbrigðisfulltrúa á hafi úti eru utan formlegs starfssvæðis hans og lögmæti fyrirmæla hans orka því tvímælis. Einnig skal bent á að þar sem hafsvæðið umhverfis Ísland er ekki hluti sveitarfélaga er óljóst frá hvaða heilbrigðiseftirlitssvæði heilbrigðisfulltrúi á að koma til að sinna bráðamengun úti á hafi. Loks er bent á að nauðsynlegt er að mætt verði auknum kostnaði heilbrigðisnefnda við starfsemi heilbrigðisfulltrúa ef færa á starfssvæði þeirra út fyrir landsteinana.



Um 21. gr.

Lagt er til að ákvæði þetta verði fært undir 7. grein frumvarpsins enda er hér um að ræða ákvæði um ábyrgð mengunarvalds. Lagt er til að ákvæðið taki til kostnaðar fleiri opinberra aðila, s.s. hafnarstjórna og svæðisráða. Lagt er til að horfið verði frá gerð formlegrar gjaldskrár og í staðinn verði settar viðmiðunarreglur um greiðslu kostnaðar.

Greinin felur ekki í sér hefðbundið þjónustugjaldaákvæði heldur felur hún í sér hlutlæga ábyrgð mengunarvalds á kostnaði Hollustuverndar ríkisins vegna starfa sérfræðings og að því er virðist, hlutlæga ábyrgð á kostnaði hafnarstjórna og svæðisráða vegna leigu á tækjum. Í greininni er því frávik frá ábyrgðarreglu 7. gr. frumvarpsins og eðlilegt að það yrði tekið skýrt fram. Ekki verður séð af hverju greinin á einungis að ná til kostnaðar vegna starfsmanna Hollustuverndar ríkisins og því er eðlilegt að greinin nái einnig til kostnaðar vegna starfsmanna hafnarstjórna og svæðisráða. Greinin felur í sér reiknireglur um hvernig skuli ákveða greiðslu útlagðs kostnaðar stjórnvalda vegna viðbragða við mengun en ekki almenna gjaldskrá sem aðilar ganga að í kjölfar sjálfstæðrar ákvörðunar. Ekki verður séð að æskilegt sé né nauðsynlegt að kveða á um sérstaka gjaldskrá því viðbrögð við mengunartilvikum eru mismunandi og óásættanlegt að ekki fáiast greiddur kostnaður vegna viðbragða þar sem gjaldskráin kveður ekki á um ákvörðun þess kostnaðar.

Samþykkt á fundi stjórnar sambandsins 15. mars 2002,

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri